

Auglýsing

3. jan.

um

kosning þriggja alþingismanna fyrir Reykjavíkurborg.

Með því að hæstarjettarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson hefir lagt niður þingmennsku fyrir Reykjavíkurborg, og með því enn fremur að þingmenn fyrir Reykjavík samkvæmt lögum 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík, skulu nú vera tveimur fleiri en verið hafa, er hjermeð samkvæmt 53. gr. laga nr. 28 frá 3. nóvember 1915 og lögum nr. 11 frá 18. maí 1920 fyrirskipað, að kosning skuli fram fara laugardaginn 5. febrúar 1921 á þremur þingmönnum fyrir borginni um þann tíma, sem eftir er þangað til almennar, reglulegar kjördæmakosningar eiga að fara fram árið 1923.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi kjörstjórn að undirbúa kosning þessa og sjá um, að hún fari fram samkvæmt lögnum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1921.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson

3. dag janúarmánaðar 1921.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Endurprentuð blaðsíða.